



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 9. mars 2012

Breyting á lögum KSÍ – samþykkt á 66.ársþingi KSÍ

Ágætu félagar

Eftirfarandi lagabreyting var samþykkt á 66.ársþingi KSÍ í febrúar

Núgildandi grein 33 í lögum KSÍ

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 4 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum og 3. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í þremur efstu deildunum.

Ný grein 33 í lögum KSÍ

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3 deild 10 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið i fjórum efstu deildunum.

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 2012

Í 4. deild karla skal fyrst leikið 2013 og því skal 3. deild karla 2012 leikin skv. sama fyrirkomulagi og 3. deild karla 2011.

Tvö efstu lið 3.deildar 2012 færast í 2.deild en 2 neðstu lið 2.deildar 2012 færast niður og leika í hinni nýju 3.deild 2013. Öll lið sem vinna sér þátttökurétt í úrslitakeppni 3.deildar karla árið 2012 að undanskildum þeim liðum sem leika til úrslita (og hafa því unnið sér sæti í 2.deild 2013), vinna sér sæti í 3.deild karla árið 2013.

Liðin sem lenda í þriðja sæti í riðlakeppni 3.deildar 2012 leika úrslitaleik um sæti í 3.deild 2013.

Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að leiknir verða hreinir úrslitaleikir, á hlutlausum velli milli liðsins í 3. sæti A riðils og liðsins í 3.sæti C riðils annars vegar og liðsins í 3.sæti B riðils og 3.sæti D riðils hinsvegar. sigurvegarar leikjanna vinna sér sæti í hinni nýju 3.deild árið 2013.

Ákveði mótanefnd að hafa fleiri eða færri riðla í 3.deild en fjóra árið 2012, ákveður stjórn KSÍ keppnisfyrirkomulag um laust sæti í 3.deild árið 2013.

Öll þau félög sem ekki vinna sér með þessum hætti sæti í 3.deild karla árið 2013 skulu leika í 4.deild árið 2013.

Reglugerðin tekur þegar gildi

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ